

Reykjavík, 5. desember 2022

MSS21110025

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

## **Greinagerð vegna ferðar á fund Nordic Safe Cities í Kaupmannahöfn**

---

### **Efni: Þátttaka á fundi Nordic Safe Cities Summit 2022**

Borgarstjórn ákvað á fundi sínum þann 16. maí 2017 að gerast aðili að Nordic Safe Cities (NSC). Frá þeim tíma hefur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa haft umsjón með verkefninu. Nordic Safe Cities er tengslanet borga á norðurlöndunum sem vinna á fjölbreyttan og margvíslegan hátt gegn hatri og öfgahyggju. Samstarfið og þátttaka Reykjavíkurborgar felst bæði í því að fá upplýsingar, þekkingu og leiðbeiningar frá teymi NSC og sérfræðingum sem þau kalla til sín, en einnig að nýta sér reynslu og þekkingu annarra borga.

Fulltrúum Reykjavíkurborgar var boðið á leiðtogafund Nordic Safe Cities sem fór fram 24. – 25. október 2022 í Kaupmannahöfn.



Fulltrúar Reykjavíkurborgar voru Magnús Davíð Norðdahl, borgarfulltrúi og formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkurborgar og Muhammed Emin Kizilkaya, verkefnastjóri á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Auk þess bauð NSC Eyrúnu Eypórsdóttir, lektor á hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri á fundinn.



Á þessum fundi deildu fulltrúar Reykjavíkurborgar og annarra aðildarborga þekkingu sinni og reynslu.

## Áherslur Nordic Safe Cities 2022-2203

Jeppe Albers, framkvæmdastjóri Nordic Safe Cities, og Lotte Fast Carlsen, aðstoðarforstjóri Nordic Safe Cities, kynntu áætlun sem fól í sér eftirfarandi:



- Öryggisráðstöfun (e. Safe Guard)
- Örugg stafræn borg (e. Safe Digital City)
- Styrkja unga frumkvöðla
- GROW verkefni
- Koma í veg fyrir mismunun
- Örugg borgarstjórn (e. Safe City Governance)

Eftirfarandi hugmyndir komu upp á fundinum um hugsanleg framtíðarverkefni Reykjavíkurborgar innblásin af öðrum aðildarborgum.

### Samvinnuvettvangur (e. info house)

Markmið samvinnuvettvangs er að auka við samskipti helstu stofnana til dæmis sveitarfélaga og lögreglu. Það tryggir skilvirkni og aðgerðir í samskiptum þessara stofnana.

Nefna má dæmi um tvenns konar samvinnu:

1. Samvinnuvettvangur lögregluumdæma. Hér skiptast lögregla, sveitarfélag á svæðinu og tengdir aðilar á þekkingu og ræða álitamál.
2. Samvinnuvettvangur innan sveitarfélaga. Hér er samvinnuvettvangur íbúa sveitarfélags og lögregluumdæmis svæðisins. Fulltrúar samráðsvettvangs sveitarfélags koma saman þegar upp koma áhyggjur af mögulegri árás af hendi íbúa sem aðhyllist öfgahyggju. Heilt yfir er tilgangurinn að leggja mat á þessar áhyggjur innan sveitarfélags í samvinnu við lögreglu og önnur yfirvöld. Það er á hendi lögreglu og yfirvalda að taka ákvörðun um hvort grípa skuli til aðgerða en sveitarfélag hefur ekki vald til slíkrar ákvörðunartöku.

### Greining umfangs hatursorðræðu á samfélagsmiðlum

Stafrænt hatur getur leitt til líkamlegra árása og því er mikilvægt að *staðsetja* hatursorðræðu. Mikilvægi *öruggra stafrænna borga* (e. Digital Safe City) og samtals milli íbúa,



stjórnámálanna og samfélagsins er mikilvæg í þessu samhengi. Það er mjög mikilvægt að framkvæma greiningar á samfélagsmiðlum, má þar nefna kortlagningu á hatri og hvaða áhrif það getur haft á ungt fólk. Einnig er mikilvægt að hafa innsýn í hegðun ungs fólks á samfélagsmiðlum. Undir það fellur að fylgjast með einelti, kynferðislegri áreitni o.s.v.fr. Kortlagning hatursorðræðu og hatursglæpa er því mikilvæg. Markmiðið er ekki að takmarka tjáningarfrelsi heldur að koma í veg fyrir ofbeldi. Hátt í 3,5 milljón NOK (50 – 51 milljón ISK) voru settar í örugga stafræna borg í Noregi. Mörg sveitarfélög í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru með teymi innan lögreglunnar sem ber ábyrgð á að fylgjast með hatursorðræðu, áreitni og grunsamlegri starfsemi á samfélagsmiðlum. Slíkt teymi hefur ekki enn verið stofnað í Reykjavík né í öðrum sveitarfélögum á Íslandi.

### *Samræðudagar (e. Dialogue days)*

Vettvangur samræðna á milli trúfélaga skiptir borgir miklu máli. Samræðudagar eru skipulagðir í skólum um ólíka menningu og trúarbrögð og stuðlar þetta að skilningi í borginni meðal barna.

### *“Grow” verkefni (e. Grow Project)*

Verkefnið snýr að því að vinna gegn því að hverfi innan borga með hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna einangrist. Verkefninu er ætlað vinna gegn aðskilnaði innan borga, efla inngildingu og öryggi í borgum. Kaupmannahöfn, eins og margar borgir Norðurlandanna, tekur þátt í GROW verkefninu en Reykjavík er ekki aðili að GROW.

### *Stuðningur við unga frumkvöðla*

Nordic Pioneers er bæði frumkvæðis- og tengslanet ungmenna, sem fagnar og styður við það stóra hlutverk sem ungt fólk hefur í að skapa öruggt og lýðræðislegt nærsamfélag.

### *Örugg stafræn borg (e. Safe Digital City)*

Örugg stafræn borg er greining á opinberum samtölum á netinu bæði innan borga og á landsvísu til að bera kennsl á hvaða hópar sæta hatursorðræðu, hvaða þemu birtast hvað sterkast í ólíkum viðhorfum á netinu og hvaða atburðir kalla fram hatur. Markmiðið er að veita fagfólki og sveitarfélögum dýpri skilning og veita þeim tæki til að efla stafrænt forvarnastarf á staðnum.